

Fundargerð 109. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 5. janúar 2026, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni Norðurlands eystra og Suðurlands
2. Byggðaaætlun – staða vinnu við grænbók/stöðumat
3. Breytt verklag fjárlaganefndar – aukin framlög til sóknaráætlana
4. Sóknaráætlanir landshluta 2020-2024. Ráðstöfun framlaga og framkvæmd samninga
5. Byggðaaætlun – skýrsla ráðherra til Alþingis um framvindu
6. Önnur mál

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Áshildur Linnet (FRN), Baldur P. Guðmundsson (MNH), Dagný Arnarsdóttir (URN), Guðný Hrafnkelsdóttir (ATRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Óli Halldórsson (MNH), Páll Brynjarsson (SSV), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN), Sigríður Elín Þórðardóttir (Byggðastofnun), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN) og Heba Guðmundsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Margrét Erlendsdóttir (HRN), og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Formaður setti fundinn. Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár bauð formaður Óla Halldórsson, MNH, velkominn í hópinn, en Óli tekur sæti Sigurðar Steingrímssonar í stýrihópnum. Einnig var Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV, boðinn velkominn á fundinn sem nýr áheyrnafulltrúi landshlutasatakanna í stýrihópnum, en hann kom inn á fundinn eftir fyrsta dagskrárlið. Páll tekur við af Albertínu F. Elíasdóttur, framkvæmdastjóra SSNE.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni Norðurlands eystra og Suðurlands

Fyrir fundinn lágu til staðfestingar tvö áhersluverkefni frá SSNE fyrir árið 2025 og sjö áhersluverkefni til staðfestingar fyrir árið 2026 frá SASS, en eitt af verkefnum stýrihópsins skv. erindisbréfi er að staðfesta áhersluverkefni landshluta. Afgreiðsla var eftirfarandi:

SSNE: Tvö áhersluverkefni staðfest með þeim fyrirvara að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hafi engar athugasemdir varðandi verkefnið Saman gegn sóun, þar sem ekki náðist að fara yfir það verkefni

fyrir fundinn í ráðuneytinu. Staðfesting barst eftir fundinn og gerir URN ekki athugasemdir.
SASS: Sjö ný áhersluverkefni staðfest.

2. Byggðaaætlun – staða vinnu við grænbók/stöðumat

Formaður fór yfir stöðuna á ritun grænbókar (stöðumats) fyrir endurskoðun byggðaaætlunar. Áætlað er að stöðumatið verði sett fram í samráðsgátt stjórnvalda nú í janúar, en ekki náðist að skila því inn í desember eins og áður hafði verið áætlað.

3. Breytt verklag fjárlaganefndar – aukin framlög til sóknaráætlana

Formaður fór yfir breytt verklag fjárlaganefndar Alþingis. Við afgreiðslu fjárlaga ársins 2026 var samþykkt tillaga meirihluta fjárlaganefndar að breyta verklagi varðandi einstaka styrkveitingar nefndarinnar. Er því beint til landshlutasamtaka sveitarfélaga að taka við hinum ýmsu minni beiðnum um styrkveitingar einstakra verkefna, sem eðlilegra er að metin séu í héraði framur en af fjárlaganefnd. Þannig munu 280 m.kr. renna eftir farvegi sóknaráætlana og er stýrihópnum og landshlutasamtökunum ætlað að finna leið til þess. Formaður og fulltrúi landshlutasamtakanna greindu frá fundi sem þau, ásamt öllum framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna, áttu með meirihluta fjárlaganefndar 22. desember sl. Þar var rætt með hvaða hætti eigi að útdeila fjármagninu. Úthlutun styrkjanna mun, við þessa breytingu, færast yfir á landshlutasamtökin. Góðar umræður sköpuðust og munu landshlutasamtökin og stýrihópurinn vinna að því að innleiða þetta nýja verklag á árinu 2026. Rætt var um að mikilvægt er að breytt verklag væri komið til að vera og að þar sem ákvörðun lá ekki fyrir fyrr en við lok árs, þá verði árið 2026 einhvers konar aðlögun að breytingum.

4. Sóknaráætlanir landshluta 2020-2024. Ráðstöfun framlaga og framkvæmd samninga

Lögð var fram, til kynningar, greinargerð Byggðastofnunar og stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál um sóknaráætlanir landshluta fyrir samningstímabilið 2020-2024. Greinargerðin var unnin af Byggðastofnun og kom út í desember sl. Í greinargerðinni er gerð grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til sóknaráætlunarsamninga og framkvæmd þeirra á samningstímabilinu 2020-2024. Greinargerðin hefur verið birt á vef Byggðastofnunar og til stendur að birta hana á vef innviðaráðuneytisins á næstu dögum.

5. Byggðaaætlun – skýrsla ráðherra til Alþingis um framvindu

Formaður upplýsti hópinn um skýrslu innviðaráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaaætlunar árin 2022-2036 sem skilað var til Alþingis í desember sl.

6. Önnur mál

Formaður upplýsti að næsti fasti fundur stýrihópsins verði ekki fyrsta mánudag febrúar. Fundurinn verður öðru hvoru megin við komandi mánaðarmót og verður fundarboð sent út tímanlega. Annað var ekki rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:49.